



Fréttatilkynning
04 October 2024 17:25:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Samþykkt skilaáætlunar og ákvörðun um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) fyrir Íslandsbanka hf.

Samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, skulu fyrirtæki sem falla undir lögin ávallt uppfylla lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL), sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. MREL þarf að uppfylla með hliðsjón af áhættugrunni (e. *TREA - total risk exposure amount*) og heildarmælistærð áhættuskuldbindinga (e. *TEM - total exposure measure*). Þá þarf hluti MREL að vera undirskipaður (e. *subordinated*), þ.e. neðar í kröfuröð en óeftirgefanlegar skuldbindingar. Skilavald Seðlabanka Íslands (skilavaldið) tekur ákvarðanir um MREL við árlega yfirferð skilaáætlunar og uppfærslu hennar.

Skilavaldið tilkynnti í dag að skilaáætlun fyrir Íslandsbanka hf. (hér eftir bankinn) hafi verið samþykkt og með því verið tekin ákvörðun um MREL fyrir bankann.

Samkvæmt ákvörðun skilavaldsins er MREL-TREA bankans 19,6% og MREL-TEM bankans 6%. Undirskipaður hluti MREL bankans jafngildir 13,5% af áhættugrunni. Ákvörðunin tekur gildi frá dagsetningu tilkynningarinnar. Bankinn telst nú þegar uppfylla MREL.

MREL er birt án tillits til gildis samanlagðrar kröfu um eiginfjáruka, sem uppfylla þarf samhliða MREL-TREA og kröfu um undirskipan, sbr. fjórða kafla MREL-stefnu skilavaldsins. Miðað við samanlagða kröfu um eiginfjáruka sem bankanum bar að uppfylla miðað við 30. júní 2024 er MREL-TREA bankans 29,5% og undirskipaður hluti MREL bankans 23,4% af áhættugrunni.

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, varðandi samþykkt skilaáætlunar og ákvörðun um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssyni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Samþykkt skilaáætlunar og ákvörðun um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar \(MREL\) fyrir Íslandsbanka hf.](#)